

### Spekingur vikunnar

1. Hvað heitir þú ? Kamilla.
2. Hvað ertu gömul ? 6 ára.
3. Getur þú sagt okkur frá fjölskyldunni þinni ?  
Mmmm.. hvað ertu að tala um ?
  - a. Áttu fjölskyldu ? Já. Glottir.
  - b. Hverjir eru í henni ? Ljía og mamma og pabbi.. held að það séu ekki fleiri.
  - c. Áttu fleiri systkini ? Já, systir, hún heitir Elísabet.
  - d. Er hún líka í fjölskyldunni ? Já, kannski.
4. Hvað finnst þér gott að borða ? Bananabrauð.
5. Hvað finnst þér skemmtilegast að gera ? Róla – þá fer maður svo hátt.
6. Hvað finnst þér leiðinlegast að gera ? Ef einhver vill ekki leika við mig.
7. Ef þú gætir verið dýr, hvaða dýr myndir þú þá vilja vera ? Flissar. Kengúra. Það er svo gaman að hoppa mikið.
8. Hver er uppáhalds liturinn þinn ? Grænn.
9. Hvað finnst þér skemmtilegast að teikna ? Ljón og kengúru.
10. Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór ? Leikskólakennari.
  - a. Hvað gerir leikskólakennari ? Mmmm.. Veit það ekki alveg.
11. Hvert myndir þú vilja fara í ferðalag ? Í útilegu.
  - a. Hvert í útilegu ? Veit ekki alveg.
  - b. Hefurðu farið í útilegu ? Já, mjög langt í burtu, veit ekki alveg hvað það heitir.
  - c. Og var gaman ? Já mjög. Það var rólo þar.
12. Af hverju er himininn blár ? Veit ekki alveg.. mmm... því þá er dagur.

